



Árnesi, 18. apríl 2024

Mál númer: M202404-0056

Umsögn vegna áforma um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps (hér eftir SKOGN) þakkar fyrir tækifærið að koma á framfæri ábendingum í upphafi áforma um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun með það að markmiði að tryggja ábyrga og skynsamlega nýtingu og vernd landsvæða og orkukosta á Íslandi.

Orkumál íslensku þjóðarinnar hafa verið mikið í umræðunni síðustu misseri og ár og umræða dagsins í dag snýst um að við búum við mikinn orkuskort. Ekki eru mörg ár síðan var til svo mikil umfram raforka á Íslandi að nauðsynlegt var talið að leggja sæstreng til meginlands Evrópu til að selja alla þá umfram raforku sem framleidd væri á Íslandi. Ljóst er að mikið hefur breyst í þessu umhverfi á síðustu árum.

Grunnurinn að núverandi raforkukerfi var lagður með stofnun Landsvirkjunar árið 1963. Til þess að slíkt væri hægt voru sett sérlög sem gerðu það að verkum að Landsvirkjun var undanþegin öllum sköttum og gjöldum ríkis og sveitarfélaga, nema að greiða fasteignagjöld af húsum. Þær skyldur voru settar á Landsvirkjun að tryggja öruggt afhendingaröryggi á rafmagni til íbúa landsins og hafði Landsvirkjun víðtækar heimildir í lögum til að tryggja raforkuöryggi landsins. Litið var á raforku sem grunninnvið samfélagsins og ekki var til starfseminnar stofnað til þess að skila arði.

Margt hefur breyst síðan og með setningu nýrra raforkulaga árið 2003 var framleiðsla og sala á rafmagni gerð að samkeppnismarkaði. Skylda Landsvirkjunar til að tryggja raforkuöryggi almennings var afnumin og rafmagn var orðið að hefðbundinni söluvöru, eins og t.d. olía, gos, raftæki og önnur vara sem seld er á íslenskum smásölumarkaði.

Þrátt fyrir að raforkumarkaðurinn væri gerður að samkeppnismarkaði árið 2003, þá hafa orkumannvirki verið undanþegin lögbundnum tekjustofni sveitarfélaga og því hafa sveitarfélögin með orkumannvirki fengið mjög takmarkaðar tekjur af starfseminni sem gerir það að verkum að takmarkaður ávinningur er af uppbyggingu orkumannvirkja. Sú staðreynd er útskýrð í umsögn sveitarstjórnar SKOGN um endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar – drög að tillögum verkefnastjórnar, mál nr. 254/2023 í samráðsgátt stjórnvalda. Sveitarstjórn SKOGN leggur áherslu á að starfshópurinn sem vinnur að breytingum á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun kynni sér innihald umsagnarinnar sökum þess að þegar löggin um verndar- og orkunýtingaráætlunina voru sett árið 2011, þá var skipulagsvaldið á virkjunum yfir 10 MW uppsett afl tekið af sveitarfélögunum. Að mati sveitarstjórnar SKOGN er ekki hægt að bæði undanskilja orkumannvirki frá því að greiða lögbundna skatta af orkumannvirkjum á sama tíma og skipulagsvald sveitarfélaga á orkumannvirkjum er tekið af þeim. Ljóst er að slíkt lagaumhverfi verður aldrei sátt um og mun standa í vegi fyrir nauðsynlegri uppbyggingu orkumannvirkja.

Sveitarstjórn SKOGN vill árétta mikilvægi verndarsjónarmiða þegar kemur að því að meta svæði til hugsanlegrar orkunýtingar. Vægi náttúru og náttúruverndar er íbúum mikilvæg og það verður gríðarleg umpólun á landi og lífríki í nærumhverfi orkumannvirkja sem kemur til með að hafa áhrif á okkur öll sem búum hér nú og til framtíðar. Því er mikilvægt að breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun tryggi að verkefni séu unnin í samvinnu með nærsamfélaginu.



Einnig vill sveitarstjórn SKOGN benda starfshópnum á að kynna sér innihald umsagnar sveitarstjórnar SKOGN vegna fyrirhugaðs frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjanakostir í vindorku) ásamt tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi. Þar koma fram mikilvæg sjónarmið sveitarstjórnar SKOGN varðandi uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi sem æskilegt væri að starfshópurinn kynni sér vel.

Þar sem markmið starfshópsins er að tryggja ábyrga og skynsamlega nýtingu og vernd landsvæða og orkukosta á Íslandi telur sveitarstjórn SKOGN starfshópin verða að horfa til þess að ný umgjörð tryggi samvinnu nærsamfélagsins og að skipulagsvaldi orkumannvirkja verði ávallt á forræði nærsamfélagsins.

Meðfylgjandi eru fyrri umsagnir sveitarstjórnar sem vísað er til í hér að ofan:

1. Umsögn um endurnat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar - drög að tillögum verkefnastjórnar. mál nr. 254/2023.
2. Umsögn vegna fyrirhugaðs frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjanakostir í vindorku) ásamt tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson
Oddviti / Sveitarstjóri